

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAPINGS VESTRA

Þriðjudaginn 9. júní 2009 kl. 13:00 kom landbúnaðarráð Húnapings vestra saman til 92. fundar í Ráðhúsi Húnapings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Viðhald styrkvega.
2. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Sveitarstjóri greindi frá því að vegagerðin hafi lagt til að úthlutun til Húnapings vestra af styrkvegafé á árinu 2009 verði kr. 5,5 milljónir. Tillagan hefur ekki fengið staðfestingu samgönguráðherra og því er neðangreind tillaga um skiptingu fjárins gerð með fyrirvara um þá staðfestingu. Eftirfarandi tillaga um skiptingu styrkvegafjárins var samþykkt samhljóða:
 - a) Til afréttarvega á Víðidalstunguheiði kr. 2.650.000
 - b) Til afréttarvega í Miðfirði kr. 1.850.000
 - c) Til afréttarvega í Hrútafirði kr. 600.000
 - d) Til vegar yfir Brandagilsháls kr. 350.000
 - e) Ófyrirseð kr. 50.000

Af fjárveitingu til styrkvega í Víðidal skal 1.5 millj. kr. ráðstafað til viðhalds á slóða sunnan Fellaskála.

Viðkomandi fjallskilastjórnir sjá um framkvæmdir á afréttarvegum hver á sínum stað. Minna skal á að við framkvæmdir verði ekki farið fram úr fjárveitingum. Landbúnaðarráð felur sveitarstjóra að ræða við fulltrúa vegagerðarinnar um heflun vegar uppá Vatnsnesfjalli, neðan Fjalagils. Samþykkt að Þorsteinn B. Helgason ráði aðila til að annast framkvæmdir á Brandagilshálsi.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl 14:30

Skúli Þórðarson(sign.),
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.),
Agnar Jónsson(sign.),
Örn Óli Andrésson(sign.),
Þorsteinn B. Helgason(sign.),
Þórarinn Óli Rafnsson(sign.).